

Fundargerð 262. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Fundarsalur Þingborg
Fundardagur:	fimmtudagur 12. maí 2022
Fundartími:	11:00 – 11:45
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Hrafnkell Guðnasonar varaoddviti Margrét Jónsdóttir Rósa Matthíasdóttur Sigurður Ingi Sigurðsson Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Við dagskrána bætist liður nr. 13. Önnur mál: a) Ósk fjarskiptafyrirtækisins Nova um um staðfestingu Flóahrepps sem landeiganda á heimild til byggingar á mastri fyrir GSM sendi inn á lóð Flóaskóla. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 239, dags. 10.05.2022

a) Aðalskipulagsbreyting – Aðalskipulag Flóahrepps Flóahrepps 2017 – 2029; Íbúðasvæði Arnarstaðakot-Skálmholt; Skilmálabreytingar; Aðalskipulagsbreyting

Lögð er fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir kynningu. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Fyrirhugað er að breyta skilmálum á þann hátt að heimila ný íbúðarsvæði í dreifbýli vegna sýnds áhuga landeigenda og eftirspurnar eftir slíkum lóðum. Breytingin nær til þriggja nýrra íbúðarsvæða, Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhugað er uppbygging búgarðabyggðar, í landi Skálmholt land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreint sem íbúðarsvæði og innan jarðarinnar Glóru á um 30 ha svæði. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsbreytinganna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað og unnið verði nánar úr þeim umsögnum og athugasemdum sem bárust vegna málsins. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram í samráði við skipulagsráðgjafa.

Lögð er fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir kynningu. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Fyrirhugað er að breyta skilmálum á þann hátt að heimila ný íbúðarsvæði í dreifbýli vegna sýnds áhuga landeigenda og eftirspurnar eftir slíkum lóðum. Breytingin nær til þriggja nýrra íbúðarsvæða, Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhuguð er uppbygging búgarðabyggðar, í landi Skálmholt land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreint sem íbúðarsvæði og innan jarðarinnar Glóru á um 30 ha svæði. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsbreytinganna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins þar til unnið hefur verið nánar úr þeim umsögnum og athugasemdum sem bárust vegna málsins. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram í samráði við skipulagsráðgjafa.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

a) Arnarstaðakot: Búgarðabyggð; Deiliskipulag

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags íbúðarbyggðar í landi Arnarstaðarkots eftir kynningu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 23 íbúðarhúsalóðum að stærðinni frá 6.124 fm til 11.920 fm. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús með geymslu/bílageymslu og eitt útihús, sem (sbr. aðalskipulag) getur haft mismunandi hlutverk s.s. fyrir búfé, gróður, heilsutengda þjónustu og

ferðapjónustu. Allt dýrahald er leyfilegt innan skipulagsins en skal vera afgirt innan lóðar/spildu eða í taumi utan lóðar/spildu. Deiliskipulagið er í takt við tillögu aðalskipulagsbreytingar sem er í vinnslu og tekur til skilgreiningu nýrra íbúðarsvæða innan aðalskipulags Flóahrepps. Athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað og að málið verði afgreitt samhliða breytingu á aðalskipulagi sem tekur til viðkomandi svæðis.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags íbúðarbyggðar í landi Arnarstaðarkots eftir kynningu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 23 íbúðarhúsalóðum að stærðinni frá 6.124 fm til 11.920 fm. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús með geymslu/bílageymslu og eitt útihús, sem (sbr. aðalskipulag) getur haft mismunandi hlutverk s.s. fyrir búfé, gróður, heilsutengda þjónustu og ferðapjónustu. Allt dýrahald er leyfilegt innan skipulagsins en skal vera afgirt innan lóðar/spildu eða í taumi utan lóðar/spildu. Deiliskipulagið er í takt við tillögu aðalskipulagsbreytingar sem er í vinnslu og tekur til skilgreiningar nýrra íbúðarsvæða innan aðalskipulags Flóahrepps. Athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins þar til afgreidd verður tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem tekur til viðkomandi svæðis.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Lambhagatá L217656; Borhola; ÓS-5 Stofnlögn; Framkvæmdaleyfi

Lögð er fram umsókn frá Selfossveitum Bs vegna framkvæmdaleyfis á lóð Lambhagatá L217656. Í framkvæmdinni felst lagning nýrra stofnlagna hitaveitu, ásamt ídráttarrörum og rafstrengjum. Annars vegar DN200 lögn frá nýrri borholu ÓS-5 að núverandi dælustöð Selfossveitna, matshluti 03-0101. Hinsvegar frá fyrrnefndri dælustöð og áleiðis að Selfossi. Stefnt er á að leggja um 1000 m af DN250 lögn. Meðfram hitaveitulögnum verða lögð ídráttarrör fyrir fjarskipti. Meðfram lögnum frá ÓS-5 að dælustöð verða einnig lagðir rafstrengir.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Lögð er fram umsókn frá Selfossveitum Bs vegna framkvæmdaleyfis á lóð Lambhagatá L217656. Í framkvæmdinni felst lagning nýrra stofnlagna hitaveitu, ásamt ídráttarrörum og rafstrengjum. Annars vegar DN200 lögn frá nýrri borholu ÓS-5 að núverandi dælustöð Selfossveitna, matshluti 03-0101. Hinsvegar frá fyrrnefndri dælustöð og áleiðis að Selfossi. Stefnt er á að leggja um 1000 m af DN250 lögn. Meðfram hitaveitulögnum verða lögð ídráttarrör fyrir fjarskipti. Meðfram lögnum frá ÓS-5 að dælustöð verða einnig lagðir rafstrengir.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Samþykkt með 5 atkvæðum

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 22 – 163

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 22 - 163

2. Samþykktir fyrir Öldungaráð Uppsveita og Flóahrepps

Lagðar fram samþykktir fyrir sameiginlegt Öldungaráð Uppsveita og Flóa. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi samþykktir með 5 atkvæðum.

3. Menningarstyrkur Flóahrepps 2022 – afgreiðsla umsókna

Margrét Jónsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Lagðar fram umsóknir um menningarstyrk Flóahrepps frá fjórum aðilum. Framlag til menningarstyrks Flóahrepps árið 2022 er kr. 500 þúsund í Fjárhagsáætlun ársins. Fyrir liggur umsögn fagráðs SASS og menningarnefndar Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita styrk til allra þessara verkefna sem hér segir.

- Ullarvinnslan í Þingborg vegna Ullarviku 2022 kr. 125.000
- Skógræktarfélag Villingaholtshrepps til uppbyggingar á skógræktarreitnum í Skagási í Flóahreppi kr. 125.000
- Flóamannabók vegna útgáfu á söguritunar kr. 125.000
- Sigga á Grund vegna til vinnslu á djúpskornu vegglistaverki kr. 125.000.
Samþykkt með 4 atkvæðum.

4. Erindi frá Votlendissjóði umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurheimtar votlendis – Sölvaflatir

Erindi Votlendissjóðs var tekið til afgreiðslu á 255.fundi og 258 fundi sveitarstjórnar og því frestað á forsendum þess að tiltekin gögn vantaði sem sýndu fram á að endurheimt votlendis á Sölvafliótum hefði ekki áhrif á nærliggjandi jarðir.

Nú liggja fyrir hæðarmælingar sem fulltrúi sjóðurinn telur að taki af allan vafa um það.

Í svari sveitarstjórnar 8.2.2022 var umsækjendum bent á að þeir þyrftu að sýna fram á hvernig þeir ætluðu að verja vegsvæði Gaulverjabæjarveggar og nærliggjandi jarðir fyrir áhrifum endurheimtarinnar ásamt því að sýna fram á hvert mögulegt áhrifasvæði endurheimtarinnar er. Fyrir liggur einföld hæðarmæling án faglegrs rökstuðnings eða upplýsinga um áhrif hækkunar grunnvatnsstöðu á nærliggjandi jarðir.

Ekki er fyrir hendi í Flóahreppi nein skilgreind stefna í endurheimt votlendis þó í Aðalskipulagi sveitarfélagsins sé ákvæði um verndun landbúnaðarlands. Lagt er til að áður en framkvæmdir við endurheimt votlendis í og við bújarðir og íbúðabyggðir í sveitarfélaginu verði samþykktar, hafi stefnumótun í málaflöknum átt sér stað hjá sveitarfélaginu.

Ennfremur er bent á framkomnar skýrslur og rannsóknir frá Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem niðurstöður vísindalegra rannsókna benda til að áhrif framræsts votlendis á langtímalosun kolefnis séu töluvert minni en fullyrt hefur verið.

Sveitarstjórn Flóahrepps sér sér því ekki fært að samþykkja framkvæmdaleyfið að svo stöddu.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Frá Alþingi til umsagnar:

- a) Frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga (einstaklingar sem flytjast til innan viðskiptafyrirtækis), 482. mál
Lagt fram til kynningar.
- b) Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu í þágu barna, snemmtækur stuðningur), 530. mál
Lagt fram til kynningar.
- c) Frumvarp til laga um sorgarleyfi, 593. mál
Lagt fram til kynningar.

6. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 261, dags. 03.05.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 909, dags. 27.04.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. Önnur mál:

Beiðni fjarskiptafélagsins Nova um heimild Flóahrepps sem landeiganda, til þess að staðsetja mastur fyrir GSM sendi á lóð Flóaskóla samkvæmt deiliskipulagsgögnum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Árni Eiríksson (sign)
Rósa Matthíasdóttir (sign)
Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)
Hrafnkell Guðnason (sign)
Eydis Þ. Indriðadóttir (sign)